



Dagsetning: 28. mars 2023
Málsnúmer: 1805116/0.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um uppfærslu á erindisbréf félagsmálanefndar

Með breytingum sem urðu á lögum um barnavernd á árinu 2022 er lögð fram drög að uppfærðu erindisbréf fyrir félagsmálanefnd.

Helstu breytingar eru þær að felld er úr erindisbréf hlutverk félagsmálanefndar í stjórnun hjúkrunarheimila í Fjarðabyggð en þau voru færð yfir til Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Þá eru kaflar um félags- og húsnæðismál uppfærðir til samræmis við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 sem og kafli um jafnréttismál uppfærður til samræmis við ný lög nr. 150/2020. Gerð jafnréttisáætlunar á einvörðungu við gagnvart starfsmönnum en í stað þeirra kemur hlutverk um eftirlit með samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða.

Nýr kafli um barnaverndarþjónustu kemur inn í erindisbréfið til samræmis við breytingar á lögum um barnavernd og er hann samhljóða því breytingum á samþykkt. Að öðru leyti er texti erindisbréfsins uppfærður m.t.t. nýrra starfsheita og tilvísana í ný eða breytt lög.

Samhliða afgreiðslu á erindisbréfi þarf bæjarstjórn að samþykkja að niður falli erindisbréf barnaverndarnefndar og framkvæmdaráð hjúkrunarheimilanna.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

